

Fundur svæðisráðs þriðjudaginn 7. febrúar 2017 kl. 15.30, Miðási í Ásahreppi

Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Hákon Gunnarsson, Heiða Guðmundsdóttir (í síma), Ólafía Jakobsdóttir (í síma) og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð. Forföll boðaði Heiða Guðný Ásgeirsdóttir. Gestir fundarins voru Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri og Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri.

Dagskrá fundarins:

1. Rekstraráætlun vestursvæðis 2017
2. Auglýsing um starf þjóðgarðsvarðar
3. Önnur mál

1. Rekstraráætlun vestursvæðis 2017

Framkvæmdastjóri greinir frá fjárframlögum Vatnajökulþjóðgarðs á fjárlögum ársins. Á síðasta ári námu rekstrarframlögin 359,6 milljónum króna auk um 20 milljóna króna í aukafjárveitingu vegna landvörslu. Fyrir árið í ár liggur engin aukafjárveiting fyrir en rekstrarframlag þjóðgarðsins hefur dregist saman um rúmar 10 milljónir króna á milli ára og er nú 349 milljónir króna. Ekki er tekið tillit til verðlagsbreytinga á milli ára í þessum fjárveitingum.

Fjármálastjóri, sem kynnir drög að rekstraráætlun ársins 2017, segir fyrirbyggjandi tölur úr bókhaldi vegna ársins 2016 hafðar til viðmiðunar við rekstraráætlunargerð ársins 2017 sem er í vinnslu. Hann kynnir jafnframt tillögur sínar um samdrátt í rekstrarkostnaði vegna ársins 2017 sem eru sameiginlegar fyrir öll rekstarsvæðin. Aukin krafa eru um sértekjur á vestursvæði vegna ársins 2017.

Umræður um launalið ársins 2016 á vestursvæði. Orri Páll telur tölurnar ekki réttar en fjármálastjóri telur einhvern hluta þessarar upphæðar megi rekja til launaskriðs á vinnumarkaði. Fram kemur í máli fjármálastjóra að upphæð liðarins ferða- og dvalarkostnaður innanlands markast fyrst og fremst af stofnanasamningsbundnum fæðiseiningum landvarða.

Framkvæmdastjóri viðrar hugmyndir um auknar sérstekjur þjóðgarðsins með innheimtu bílastæðagjalda sem eru á frumstigi. Til þess að af geti orðið þarf að breyta lögum. Fjármálastjóri segir sértekjur, ef af þeim verður, geta mætt einhverju af fyrirbyggjandi niðurskurði og þörf á rekstrarfé.

Svæðisráðið telur samdrátt í fjárframlögum alvarlegan í ljósi aðstæðna, fjölgunar ferðamanna og augljósrar þarfar á framlagi til rekstrar - sér í lagi til landvörslu.

Afgreiðslu rekstraráætlunar ársins 2017 vísað til næsta fundar svæðisráðs. Samþykkt áætlun þarf að liggja fyrir í síðasta lagi í lok þessa mánaðar.

2. Auglýsing um starf þjóðgarðsvarðar

Rætt um efnisatriði auglýsingar um þjóðgarðsvörð á vestursvæði. Capacent leggur til að hæfniskröfur verði uppfærðar og framkvæmdastjóri vill að svæðisráðið skerpi á þeim.

Jafnframt þarf Capacent að fara yfir sína vinnu við mat á hæfi umsækjenda áður en auglýst verður aftur.

Í kynningu Sigríðar Svönu Helgadóttur, lögfræðings á skrifstofu landgæða í umhverfis- & auðlindaráðuneytinu, á sameiginlegum fundi stjórnar og starfsfólks í Hestheimum þann 24. janúar sl. kom fram að ráðning þjóðgarðsvarðar sé sameiginlegt ferli svæðisráðs og framkvæmdastjóra. Svæðisráðið hafi tillögurétt um ráðningu þjóðgarðsvarðar til framkvæmdastjóra sem hefur úrslitavald um ráðningu enda yfirmaður starfamannamála í þjóðgarðinum skv. nýlegum breytingum á lögum. Ef framkvæmdastjóri er ekki sammála tilnefningu svæðisráðsins þá þarf hann að skýra það fyrir því.

Framkvæmdastjóri leggur áherslu á að auglýst verði sem fyrst að nýju. Í framhaldi þessa fundar varpa svæðisráðsmeðlimir á milli sín drögum að nýrri auglýsingu þegar þau hafa verið unnin. Framkvæmdastjóri biður Orra Pál um að taka saman upplýsingar um það sem betur mætti fara í vinnu Capcent í ljósi framkominna athugasemda.

Samþykkt að fulltrúi Capacent taki við umsóknunum og forflokki í framhaldinu. Lagt til að framkvæmdastjóri og formaður svæðisráðsins komi að því að ákveða hvert vægi einstakra hæfniskrafna verði í forflokkun Capacent áður en Capacent byrjar að flokka úr innsendum umsóknum.

3. Önnur mál

Svæðisráð á að skila sínum tillögum til Kristjáns Sveinssonar ritstjóra um breytingar á Stjórnunar- & verndaráætlun fyrir 15. febrúar nk.

Gengið hefur verið frá tímabundinni ráðningu við starfandi aðstoðarmann þjóðgarðsvarðar til 31. desember nk. Starfandi þjóðgarðsvörður mun að öllu óbreyttu sitja til 1. júní nk.

Fundi slitið kl. 17.30